

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Til lesenda

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2013 var afturkölluð áður en hún var samþykkt og myndar því eyðu í númeraröðinni

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 30/2013

2013/EES/49/01

frá 15. mars 2013

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 989/2012 frá 25. október 2012 um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49754), sem fôðurukefni fyrir varphænur og aukategundir alifugla til eldis og varps (leyfishafi er Aveve NV) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 990/2012 frá 25. október 2012 um leyfi fyrir blöndu með *Propionibacterium acidipropionici* (CNCM MA 26/4U) sem fôðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 991/2012 frá 25. október 2012 um leyfi fyrir sinkklóríðhýdroxíðmónóhýdrati sem fôðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1018/2012 frá 5. nóvember 2012 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 232/2009, (EB) nr. 188/2007, (EB) nr. 186/2007, (EB) nr. 209/2008, (EB) nr. 1447/2006, (EB) nr. 316/2003, (EB) nr. 1811/2005, (EB) nr. 1288/2004, (EB) nr. 2148/2004, (EB) nr. 1137/2007, (EB) nr. 1293/2008, (EB) nr. 226/2007, (EB) nr. 1444/2006, (EB) nr. 1876/2006, (EB) nr. 1847/2003, (EB) nr. 2036/2005, (EB) nr. 492/2006, (EB) nr. 1200/2005 og (EB) nr. 1520/2007 að því er varðar hámarksinnihald tiltekinna örvera í heilföðri ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1019/2012 frá 6. nóvember 2012 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2009 að því er varðar lágmarksinnihald fôðurukefnisins endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), í fôðri fyrir eldiskjúklinga og endur (leyfishafi er BASF SE) ⁽⁵⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 297, 26.10.2012, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 297, 26.10.2012, bls. 15.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 297, 26.10.2012, bls. 18.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 307, 7.11.2012, bls. 56.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 307, 7.11.2012, bls. 60.

- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1065/2012 frá 13. nóvember 2012 um leyfi fyrir blöndum með *Lactobacillus plantarum* (DSM 23375, CNCM I-3235, DSM 19457, DSM 16565, DSM 16568, LMG 21295, CNCM MA 18/5U, NCIMB 30094, VTT E-78076, ATCC PTSA-6139, DSM 18112, DSM 18113, DSM 18114, ATCC 55943 og ATCC 55944) sem fôðuraufefni fyrir allar dýrategundir ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/31/ESB frá 25. október 2012 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skrána yfir fisktegundir, sem eru smitnæmar fyrir veirublæði, og brottfellingu færslunnar fyrir húðsveppadrep ⁽⁷⁾.
- 8) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra og fôður. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra og fôður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins
- 9) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 8a (tilskipun ráðsins 2006/88/EB) í hluta 3.1, lið 5a (tilskipun ráðsins 2006/88/EB) í hluta 4.1 og lið 4a (tilskipun ráðsins 2006/88/EB) í hluta 8.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32012 L 0031:** Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/31/ESB frá 25. október 2012 (Stjtið. ESB L 297, 26.10.2012, bls. 26).“

2. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 1zi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1847/2003), lið 1zzr (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1811/2005), lið 1zzs (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2036/2005), lið 1zzzf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1876/2006), lið 1zzzl (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 226/2007), lið 1zzzzu (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 232/2009), lið 1zzzzzf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1293/2008) og 39. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 316/2003):

„eins og henni var breytt með:

- **32012 R 1018:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1018/2012 frá 5. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 307, 7.11.2012, bls. 56).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zt (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1288/2004), lið 1zze (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2148/2004), lið 1zzm (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005), lið 1zzv (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 492/2006), lið 1zzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1444/2006), lið 1zzzb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1447/2006), lið 1zzzi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 188/2007), lið 1zzzk (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 186/2007), lið 1zzzy (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1137/2007), lið 1zzzzh (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1520/2007) og lið 1zzzzn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 209/2008):

- „– **32012 R 1018:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1018/2012 frá 5. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 307, 7.11.2012, bls. 56).“

3. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzzzzu (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2009):

„eins og henni var breytt með:

- **32012 R 1019:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1019/2012 frá 6. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 307, 7.11.2012, bls. 60).“

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 314, 14.11.2012, bls. 15.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 297, 26.10.2012, bls. 26.

4. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 57. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 839/2012):

- „58. **32012 R 0989**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 989/2012 frá 25. október 2012 um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49754), sem fôðuraukefni fyrir varphænur og aukategundir alifugla til eldis og varps (leyfishafi er Aveve NV) (Stjtið. ESB L 297, 26.10.2012, bls. 11).
59. **32012 R 0990**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 990/2012 frá 25. október 2012 um leyfi fyrir blöndu með *Propionibacterium acidipropionici* (CNCM MA 26/4U) sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 297, 26.10.2012, bls. 15).
60. **32012 R 0991**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 991/2012 frá 25. október 2012 um leyfi fyrir sinkklóríðhýdroxíðmónóhýdrati sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 297, 26.10.2012, bls. 18).
61. **32012 R 1065**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1065/2012 frá 13. nóvember 2012 um leyfi fyrir blöndum með *Lactobacillus plantarum* (DSM 23375, CNCM I-3235, DSM 19457, DSM 16565, DSM 16568, LMG 21295, CNCM MA 18/5U, NCIMB 30094, VTT E-78076, ATCC PTSA-6139, DSM 18112, DSM 18113, DSM 18114, ATCC 55943 og ATCC 55944) sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 314, 14.11.2012, bls. 15).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 989/2012, (ESB) nr. 990/2012, (ESB) nr. 991/2012, (ESB) nr. 1018/2012, (ESB) nr. 1019/2012, (ESB) nr. 1065/2012 og tilskipunar 2012/31/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.